

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna heimildar fyrir gistingu við Heppuveg 6 á Höfn.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. mars 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. desember 2023.

Í breytingunni felst að heimiluð verður gisting fyrir ferðamenn í allt að 12% húsnæðis við Heppuveg 6 á Höfn, þess hlutar sem er innan miðsvæðis, M1, í gildandi aðalskipulagi.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 21. mars 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 9. apríl 2024